

þó svo að hegning ákærða Ingvars Sveinsonar sje 10 mánaða betrunarhúsviuna og hegning ákærðu Guðrúnar Jónsdóttur 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinum ákærðu ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. juris Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. októbermánaðar.

Nr. 8/1896: Hreppsnefnd Hrafnagilshrepps
 gegn
 Eggert Laxdal f. h. Gudmanns
 Efterfølger's verzlunar.

D ó m u r:

Hinn stefndi verzlunarstjóri Eggert Laxdal á Akureyri, sem veitir forstöðu verzlun þeirri, er þar er rekin undir nafni »Gudmanns Efterfølgers«, hefur talið til skuldar hjá áfrýjandanum, hreppsnefnd Hrafnagilshrepps, að upphæð 235 kr. 56 a., fyrir ýmislegar vörur, sem hann hafði lánað frá verzluninni árin 1892—1894 Guðmundi nokkrum Olafssyni, þurfamanni Hrafnagilshrepps, og með því að hann þóttist hafa veitt Guðmundi verzlunarlán

Þetta eptir beiðni oddvita Hrafnagilshrepps og gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar þar, en nefndin á hinn bóginn vildi eigi góðfúslega greiða skuldina, lögsótti hann hreppsnefndina, og var málið gegn henni leitt til lykta með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, uppkveðnum 5. ágústm. f. á., er kveður svo á, að svo framarlega sem fyrverandi oddviti Hrafnagilshrepps, Sigtryggur Jónsson á Espihóli, eptir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hann hafi fyrir hönd Hrafnagilshrepps haustið 1892 eða síðar gengið í ábyrgð fyrir skuld Guðmundar Olafssonar á Eyrarlandi gagnvart Eggert Laxdal sem verzlunarstjóra fyrir verzlun »Gudmanns Eftirfólgers« á Akureyri, þá skuli hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi vera sýkn af kærum og kröfum Eggerts Laxdal, og málskostnaður falla niður; en treysti Sigtryggur Jónsson sjer eigi til að vinna slíkan eið, þá eigi hreppsnefndin að greiða Eggert Laxdal fyrir hönd verzlunar »Gudmanns Eftirfólgers« 235 kr. 56 a., 5% vexti af upphæð þessari frá sáttakærudegi til borgunardags og 50 kr. í málskostnað. Eptir kröfu dómhafa Eggerts Laxdal gjörði fúgetinn í Eyjafjarðarsýslu síðan hinn 9. nóvember. f. á. fjárnám hjá hreppsnefndinni fyrir upphæð þeirri, er dómurinn hljóðar um, með málskostnaði og fjárnámskostnaði, því að Sigtryggur Jónsson hafði þá eigi unnið synjunareiddinn, en síðan hefur hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi áfrýjað bæði aukarjettardóminum og tjárnámsgjörðinni til fyrrjettarins, með stefnu, dags. 30. jan. þ. á.; hef-

ur hún fengið gjafsókn til þess og skipaðan málflutningsmann, og hefur hún krafizt þess, *ad allega*, að dómurinn og fjárnámsgjörðin verði úr gildi felld þannig, að hreppsnefndin verði algjörlega sýknuð fyrir kröfum stefnda, en að hann verði dæmdur til að bæta að fullu fjártjón og skaða þann, sem nefndin hefur beðið af fjárnámsgjörðinni, svo og til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum, og *til vara*, að hreppsnefndin verði að eins dæmd til að borga skuld Guðmundar Ólafssonar frá árinu 1892, að upphæð 29 kr. 23 a., og stefndi skyldaður til að greiða málskostnað. Af sinni hálfu hefur stefndi verzlunarstjóri Eggert Laxdal látið krefjast þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að hreppsnefndin verði dæmd til að greiða kostnað málsins með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Í máli þessu er enginn ágreiningur um það, að Guðmundur Ólafsson hafi í raun og veru verið þurfalingur Hrafnagilshrepps, nje heldur um það, að hann hafi fengið til láns í verzlun stefnda til framfæris sjer og fjölskyldu sinni vörur þær, sem hann er skuldaður fyrir, en hreppsnefndin hefur í vörn sinni neitað því, að oddviti sá, er þá var, hafi fyrir hreppsins hönd tekið ábyrgð á greiðslu skuldarinnar, að hreppsnefndin sjálf hafi nokkru sinni veitt honum umboð til að gefa slíka ábyrgð, eða síðar samþykkt ábyrgðina, eða sjálf nokkru sinni tekið ábyrgð á skuldinni, og loks hefur hún haldið því fram, að svo felld ábyrgðartaka hreppsnefndar sje eigi lögmæt án samþykkis sýslunefnd-

ar, en það hafi eigi verið fengið. Þessi síðasta mótbára er þó eigi á rökum byggð, því að það var lagaleg skylda Hrafnagilshrepps að framfæra þurfaling sinn Guðmund Ólafsson, og hjer var fyrir því eigi að ræða um það að leggja skuldbinding á hreppinn, sem eigi hvíldi á honum að lögum, sbr. tilsk. 4. maí 1872, 26. gr., 2. tölul. Að því er aðra varnarástæðu hreppsnefndarinnar snertir, þá voru atvik hjer svo vaxin, að umræddur þurfalingur fjekk áður allar þarfir sínar út í reikning hreppsins við verzlun stefnda ávísunarlaust frá hreppsnefndarinnar hálfu og án annars eptirlits með úttektinni en þess, er var í því fólgið, að stefndi var beðinn að halda í við hann með úttektina eptir því sem honum sýndist fært, og breytingin sem á að hafa átt sjer stað í þessu efni eptir samkomulagi milli stefnda og oddvitans, var að eins í því fólgin, að úttekt þurfalingsins skyldi eptirleiðis haldið aðskildri frá reikningi hreppsins og færast þurfalingnum sjálfum til skuldar í sjerstökum reikningi undir hans eigin nafni, þannig að hreppurinn, í stað þess að vera beinn skuldautur að úttektinni, eins og áður var, skyldi eptirleiðis einungis ábyrgjast greiðslu á því, er þurfalingnum væri um megn að greiða af skuldinni, en þessi breyting var gjörð, eptir sögn stefnda, til þess að þurfalingurinn hefði fremur hvöt til að borga sjálfur úttekt sína — og verður eigi álitíð að oddvitinn hefði farið út yfir vald sitt sem framkvæmdarstjóri hreppsins, sjerstaklega í fátækramálum, þótt hann hefði gjört slíka ráðstöfun. Það

verður því eigi lögð áherzla á það, er meta skal gildi slíkrar ráðstöfunar gagnvart stefnda, þótt eigi sje sannað af hans hálfu, að hreppsnefndin ölleða meiri hluti hennar hafi beinlínis ályktað að takast ábyrgðina á hendur eða þótt ábyrgðarinnar sje eigi getið í hreppsþókuunum. Úrslit málsins verða því undir því komin, hvort það er sannað í málinu, að þáverandi oddviti Hrafnagilshrepps Sigtryggur Jónsson hafi fyrir hreppsins hönd tekið ábyrgð á skuld þurfalingsins Guðmundar Ólafssonar hjá hinum stefnda eða við verzlun þá, er hann veitir forstöðu. Í þessu tilliti hefur 1 af hreppsnefndarmönnum Hrafnagilshrepps (áfrýjendunum) vottað, að hann hafi verið tilkallaður af stefnda sem hreppsnefndarmaður til að vera viðstaddur, er oddviti bað hann að láta Guðmund Ólafsson fá úttekt hjá verzluninni framvegis móti ábyrgð hreppsins, og að hann hafi einnig síðar verið við samtal þeirra hjer að lútandi. Þá hafa einnig 3 vitni borið, að þau hafi verið heyrnarvottar að því, að oddvitinn hafi beðið stefnda að láta nefndan þurfalíng fá út það, er hann þyrfti með, og falið honum jafnframt að hafa umsjón með því, að þurfalíngurinn notaði úttektina gætilega, og 2 af vitnunum heyrðu beinlínis, og annað þeirra fleirsinnis, að oddvitinn lofaði stefnda að ábyrgjast borgun skuldar þeirrar, er þurfalíngurinn kæmist í við verzlunina. Þessum vitnisburðum hefur hreppsnefndin reyndar viljað hrinda sökum þess, að eitt vitnið er við verzlun stefnda (bókhaldari þar), annað þurfalíngur sá, er skuldina stofnaði, ermál-

ið er risið út af, og hið þriðja vitnið venzla-
 maður stefnda, án þess nákvæmar sje til tekið á
 hvern hátt. En þó að nokkuð megi finna að full-
 gildi sumra vitnisburðanna, þá verður þó að álíta,
 að með þeim sjeu að minnsta kosti framkomnar
 þær líkur fyrir því, að fyrverandi oddviti hafi
 tekið ábyrgð á umræddri skuld fyrir hreppsins
 hönd, að rjett er, eins og undirdómarinn hefur
 gjört, að láta málið koma undir eið nefnds fyr-
 verandi oddvita hreppsins, Sigtryggs Jónssonar,
 og þar sem yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðar-
 ákvæði undirrjettardómsins, ber því að stað-
 festa dóm þennan, sem eigi hefur verið gagná-
 frýjað, að öllu leyti, ásamt eptirfarandi fjárnáms-
 gjörð. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að
 falli niður, ef hinn fyrirlagði synjunareiður verður
 unninn, en að öðrum kosti greiði hreppsnefndin
 stefnda hann með 25 krónum. Eptir úrslitum máls-
 ins verður hinum skipaða málfærslumanni hrepps-
 nefndarinnar eigi dæmt málsflutningskaup, enda
 hefir hann eigi gjört kröfu til þess, en það vott-
 ast að málsfærslan af hans hendi hefir verið lög-
 mæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og fógetagjörð á ó-
 raskað að vera. Ef hinn fyrirlagði synjun-
 areiður verður unninn, á málskostnaður fyrir
 yfirdómi að falla niður, en að öðrum kosti
 ber hreppsnefndinni að greiða stefnda hann
 með 25 krónum. Dóminum að fullnægjainn-

an 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 12. októbermánaðar.

Nr. 25/1896.

Jón Ívarsson
 gegn
 Einari Zoëga.

Dómur:

Mál þetta, sem er risið út af vangoldnuhjúkaupi og vistarrofum af Jóni Ívarssyni gegn Einari Zoëga fyrverandi húsbónda hans, var dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 23. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að Einar Zoëga var sýknaður af kröfum Jóns Ívarssonar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Ívarsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 21. maímán. þ. á.; hefur hann fengið gjafsókn og sjer talsmann skipaðan. Fyrir landsyfirrjettinum hefur hann krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer kaup-
 eptirstöðvar fyrir vistarárið 1892—93 með 30 krónum, kaupeptirstöðvar fyrir árið 1894—95 með 40 kr. 55 a. og kaup fyrir vistarárið 1895—96 með 100 kr.; svo hefur hann og krafizt endurgjalds fyrir fatnað árin 1894—95 og 1895—96 60 kr. og matarverðs fyrir 8 mánuði af síðastnefndu ári, eins og líka að stefndi verði skyldaður til að greiða allan málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Á hinn bóginn hefur stefndi krafizt